

Ég vildi að það væri ásættanlegt  
að kúra uppi í rúmi með góða bók og bolla af te-i á sumrin,  
þegar þunglyndið tekur yfir.  
Eins í desember, þegar frostið bítur í beinin  
og skórnir sitja blautir á ofninum,  
að bíða eftir næstu votu ferðinni út í snjóinn.  
Hyldu tærnar, kúrðu undir teppum,  
meðan ástin þín hitar vatn eða lagar kakó  
og hvíldu þig.  
Leyfðu vetrinum að líða,  
með hlýjum knúsum og endalausum blaðsíðum af yndislegum orðum,  
týndu þér í annarra manna vitleysu,  
taktu ástfóstri við heimum sem þú tilheyrir ekki,  
gráttu þegar þú þarft að semja þitt eigið framhald,  
gleymdu kuldanum og leiðinlega veðrinu,  
tilheyrðu bókunum.